

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um virðisaukaskatt (skattafsláttur sjálfboðaliða).

Flm.: Gísli Rafn Ólafsson, Andrés Ingi Jónsson,
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
Björn Leví Gunnarsson, Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson,
Inga Sæland, Jakob Frímann Magnússon, Lenya Rún Taha Karim,
Tómas A. Tómasson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

1. gr.

Við A lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Frá tekjum einstaklinga sem taka þátt í sjálfboðastarfi á vegum lögaðila sem skráður er í almannaheillaskrá hjá Skattinum á grundvelli c liðar 2. mgr. 4. tölul. 4. gr. má draga 675 kr. fyrir hverja klukkustund sem einstaklingur ver í sjálfboðastarfi til almannaheilla. Til sjálfboðastarfs telst þjálfun, þátttaka í æfingum og námskeiðum og útköll á vegum lögaðila sem skráður er í almannaheillaskrá hjá Skattinum á grundvelli c liðar 2. mgr. 4. tölul. 4. gr. Skattafsláttur sjálfboðaliða er að hámarki 500.000 kr. ár hvert og er ekki millifæranlegur á milli hjóna eða sambúðarfólks.

Fjárhæð skattafsláttar fyrir hverja klukkustund og árlegt hámark skal uppfærast árlega með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs.

Lögaðili sem skráður er í almannaheillaskrá hjá Skattinum á grundvelli c liðar 2. mgr. 4. tölul. 4. gr. skal við lok hvers árs sem hann er þar skráður veita Skattinum, á því formi sem Skatturinn ákveður, upplýsingar um þann tímafjölda sem hver einstaklingur hefur það ár varið í sjálfboðastarfi á hans vegum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð á grundvelli ákvæðis þessa.

II. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

2. gr.

Á eftir 8. mgr. 42. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Endurgreiða skal einstaklingum virðisaukaskatt af kaupum á björgunarbúnaði sem ætlaður er fyrir starfsemi björgunarveita. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.

Greinargerð.

Málið var flutt á 153. löggjafarþingi (138. mál) og er nú endurflutt óbreytt. Björgunarsveitir landsins vinna þróttmikið starf í þágu þjóðar. Fagmennska íslenskra björgunarsveita á sér fáar hliðstæður og hefur vakið eftirtekt á heimsvísu. Björgunarsveitirnar búa yfir gríðarlegri sérþekkingu sem þær hafa aflað víða. Það er því mikilvægt að hlúa að því góða starfi sem hefur byggst upp hérlendis á undanförnum áratugum. Eins hefur hlutverk mannúðar og líknarstarfsemi aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Með frumvarpi þessu er lagt til að þeir einstaklingar sem sinna sjálfböðastarfi til almannaheilla skuli eiga rétt á tekjuskattsafslætti sjálfböðaliða. Hugmyndin á sér rætur að rekja til sambærilegs skattafsláttar og tíðkast í Bandaríkjunum.

Undanfarin ár hefur reynst erfiðara fyrir björgunarsveitir og önnur samtök sem vinna í þágu almannaheilla að afla nýrra sjálfböðaliða sem og að halda sjálfböðaliðum virkum. Kostnaður sjálfböðaliða hefur sífelld hækkað, svo sem vegna búnaðar, þátttöku á æfingum o.fl. Frumvarpi þessu er ætlað að koma til móts við þennan kostnað sjálfböðaliða og þar með hvetja fólk til þess að taka þátt í sjálfböðaliðastarfi til almannaheilla. Þá má einnig nefna að álag á björgunarsveitir hefur aukist töluvert undanfarin ár vegna stórauðs fjölda ferðamanna.

Þar sem störf sjálfböðaliða eru alfarið unnin í sjálfböðavinnu þykir réttara að útfæra endurgreiðslu til þeirra í formi skattafsláttar frekar en í formi beinna launagreiðslna. Samtök sem starfa í þágu almannaheilla halda vel utan um þátttöku á æfingum og aðgerðum í gegnum svokallaðan aðgerðagrunn. Því væri unnt með einföldum hætti að afla tímaskýrslna þegar skattárið er gert upp.